

# Svifryksmengun í Reykjavík

*Borsteinn Jóhannsson, Umhverfisstofnun*

Í fyrirlestrinum verður fjallað um þrjár helstu uppsprettur svifryks í Reykjavík sem eru slitid malbik, jarðvegur og salt. Einnig verður fjallað stuttlega um heilsufarsáhrif svifryks.


Jarðvegur hefur verið metin um fjórðungur svifryksins og í umræðu um svifryk er oft rætt um þenna hluta sem náttúrulegan eins og t.d. jarðvegsfok af hálendinu. Í verkefninu eru færð rök fyrir því að mjög stóran hluta jarðvegsagna megi rekja til framkvæmda á Stór-Reykjavíkursvæðinu en ekki eingöngu til náttúrulegra ferla eins og jarðvegsrofs.

Ef það er raunin að þetta sé af völdum framkvæmda er oft hægt að grípa til ýmissa ráða til að minnka rykmengum frá þeim. Farið verður stuttlega yfir það í fyrirlestrinum. Oft er um að ræða mjög einföld ráð sem hafa lítin kostnað í för með sér og þeir sem hafa mestra hagsmuna að gæta eru oft starfsmenn viðkomandi verktaka.

Fjallað verður um salthluta svifryksins en salt mælist um 10% svifryksins á vetrarstillum í Reykjavík. Hvaðan kemur það salt? Er það að völdum særöks eða hálkueyðingar?

Loks verður athyglinni beint að malbikinu. Sagt verður frá efnagreiningunum á þeim óhreinindum sem liggja í götukantinum og hvað upplýsingar þær geta gefið okkur um uppruna svifryksins.

Einnig verður fjallað um slit malbiksins og samspil nagladekkja, frostþíðu, hálkuvarna og gatnahreinsunar. Hvaða ráð hafa reynst best gegn svifryksmengun og í hvernig aðgerðir er peningunum best varið?



EHT = 15.00 kV WD = 8 mm Signal A = SE2 Date :29 Jan 2007 Mag = 20.00 K X  
Sýni 10A - Mynd 2.tif 2µm



*Rafeindasmásjármynd af óhreinindum af Miklubraut í Reykjavík. Sjá má stærðina á kvarðnum neðan við myndina en hann er 2µm. Öll korn á myndinni eru minni en 10µm og geta því auðveldlega þyrlast upp og breyst í svifryk*